

Mál nr. 333/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila: V

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 19. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. nóvember 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M 15. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að hinn 26. janúar 2021 hafi M hlotið líkamstjón er árekstur varð milli A og B, sem M ók umrætt sinn. Lögregla var kvödd á vettvang og liggur skýrsla hennar, dags. 26. janúar 2021, fyrir nefndinni. Ekki sé um það deilt að ökumaður A beri fulla sök á árekstrinum. V hafi hins vegar hafnað bótaskyldu vegna líkamstjóns M með vísan til þess að ósannað sé að varanlegt heilsutjón hafi hlotist af atvikuni. M byggir á því að hún hafi sannanlega orðið fyrir líkamstjóni og svo því að svokölluð PC-Crash skýrsla sem V hafi aflað einhliða hafi takmarkað sönnunargildi í málinu. M hafi leitað á heilsugæslu daginn eftir umrætt atvik þar sem hún hafi lýst sting í kjálka og óþægindum milli herðarblaða og yfir neðra baki. Hinn 8. febrúar 2021 hafi M hringt í heilsugæsluna og lýst slæmri andlegri líðan, almennu máttleysi og svima og í mars hafi hún kvartað undan verk í hálsi og baki. Hinn 4. október 2021 hafi M svo hitt sérfræðing í taugalækningum vegna máttleysis og dofa í vinstri hönd. Hafi hún verið greind með focal dystoniu, sem samkvæmt áliti sérfræðilæknisins sé ekki hægt að útiloka að tengist umræddu umferðarslysi. Hinn 16. desember 2021 hafi M leitað til taugalæknis og að áliti hans lýsi sumir einstaklingar með focal dystoniu einkennum í kjölfar einhvers konar áverka þó ekki verði fullyrt um orsakasamband. Þó ekki hafi verið um mjög harðan árekstur að ræða hafi M því strax fundið fyrir einkennum og ítrekað leitað til læknis vegna þeirra. Ekki sé hægt að útiloka orsakatengsl þar á milli. Hvað áreksturinn sjálfan varði hafi M þá ávallt lýst honum á sama veg, þ.e. að hún hafi í aðdraganda áreksturs setið framarlega og skökk í öikumannssæti B en við áreksturinn hafi hún kastast fram og skolið aftur á höfuðpúðann. Óháð niðurstöðu PC-Crash skýrslunnar hafi verið um töluvert högg að ræða af árekstrinum og sýni ákomur á A það en dráttarkúla B hafi tekið mest höggið á þá bifreið, en dráttarkúlu séu ekki gerðar til að gefa eftir við árekstur. Þá hafi M verið á gamalli bifreið með lakari árekstrarvörnum en nú tíðkist. Í öllu falli telji M óeðlilegt að V geti staðið í vegi fyrir því að framkvæmt verði það mat sérfróðra og óvilhallra matsmanna á orsakatengslum og umfangi tjóns sem M telji sig eiga rétt á, en fyrirsjáanlegt sé að slíkt mat yrði afar kostnaðarsamt fyrir hana.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ekki sýnt fram á orsakatengsl milli árekstursins og lýstra einkenna M í dag. Um vægan árekstur hafi verið að ræða og engar sýnilegar skemmdir á B. Lýsingar M á atvikum við umferðaróhappið séu í engu samræmi við önnur gögn málsins sem sýni fram á umfang þess, en lýsingar M séu t.a.m. þær að höfuð hennar hafi „slengst aftur“ og hún hafi „dottið út í minna en sekúndu“ og „kastast aftur, sortnað og talið sig hafa rotast“. Þá hafni V því að lýsingar M á versnandi andlegri og líkamlegri líðan geti tengst umræddu atviki, en M lýsi m.a. endurupplifun einkenna tengdum áfallastreituröskun, máttleysi, svima og versnun einkenna í kjálkaliðum, sem geti ekki samræmst gögnum um umfang árekstursins.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort orsakatengsl séu milli árekstursins hinn 26. janúar 2021 og þeirra einkenna sem M rekur til hans, en samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir sönnunarbyrði þess á M. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað. Af fyrirliggjandi ljósmyndum má þá ráða að eitthvað tjón hafi orðið á A og B, þó sýnu meira á A. Benda gögn málsins þó til að um vægan árekstur hafi verið

að ræða og eru því frekari gögn nauðsynleg til að sýna fram á orsakatengsl milli hans og einkenna þeirra sem M rekur til hans.

Fyrir liggur að M leitaði til læknis daginn eftir umræddan árekstur og lýsti þá versnun á sting í kjálka sem hefði hrjáð hana áður, smá óþægindum milli herðarblaða og yfir neðra baki. Hinn 28. janúar 2021, eða tveimur dögum eftir áreksturinn lýsti hún sveigju á hálsliðum og fékk beiðni um sjúkraþjálfun. Liggur þá fyrir yfirlýsing sjúkraþjálfara um að M hafi sótt meðferð á tímabilinu 26. maí 2021 – 16. júní 2021 en þá ákveðið að taka hlé þar sem hún réði betur við verkina sjálf. Hinn 8. febrúar lýsti hún þá versnun á andlegri og líkamlegri líðan í kjölfar árekstursins, streitueinkennum, almennu máttleysi og svima. Hinn 2. maí 2021 hafði M þá samband við heilsugæslu vegna bakverkja. Þá liggur fyrir vottorð taugalæknis, dags. 6. júlí 2021, sem M var vísað til vegna dofa í vinstri hendi, þar sem fram kemur að M sé líklega með focal dystoniu. Þá kemur fram í vottorðinu að „Þó sumir einstaklingar með focal dystoniu lýsi einkennum í kjölfar einhvers viðburðar eða áverka er ekki hægt að fullyrða að um orsakasamband sé að ræða.“ Jafnframt kemur í vottorðinu fram að musician's dystonia, sem hrjai M, sé talin koma vegna síendurtekinnna hreyfinga við að spila á hljóðfæri, en M er píanókennari að atvinnu. Jafnframt kemur fram að það að M hafi gníst tönnum, sem sé eitt form dystoniu, gæti bent til þess að hún væri í aukinni áhættu á að þróa með sér dystoniu af öðru tagi.

Af framangreindu má ráða að einkenni þau sem M rekur til árekstursins séu nokkuð víðtæk. Þá verður ekki séð að taugalæknir sem hún leitaði til telji líklegt að focal dystoniu þá sem hrjai hana sé að rekja til umrædds atviks. Enn fremur virðist af fyrirbyggjandi gögnum að ákveðin einkenni, eins og stingir í kjálka, hafi hrjáð M fyrir áreksturinn og þá kemur fram í sjúkraskrárfærslu dags. 16. ágúst 2019 að M sé með króníska bakverki og hryggskekkju. Ekki liggur fyrir matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna um líkamstjón M og samkvæmt framansögðu hefur ekki verið sýnt fram á, með fyrirbyggjandi gögnum, orsakatengsl milli áreksturs A og B og einkenna M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 13. desember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir